

# Viska

fræðslu og símenntunar-  
miðstöð Vestmannaeyja

---

Ársreikningur

---

**2015**

---

Viska fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja  
Strandvegur 50  
900 Vestmannaeyjum  
kt. 630103-2230

# Viska

fræðslu og símenntunar-  
miðstöð Vestmannaeyja

---

Ársreikningur

---

2015

## Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun skoðunarmanna	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-10

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Visku.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Visku fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Vestmannaeyjum, 19. maí 2016

Deloitte ehf.



Jonas Gestur Jónasson

endurskoðandi

# Áritun skoðunarmanna

---

Undirritaðir skoðunarmenn Visku hafa yfirfarið ársreikning fyrir árið 2015. Hafa fengið þær skýringar sem óskað var eftir og sjá ekki ástæðu til athugasemda og leggja til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Vestmannaeyjum, 19. maí 2016



Ólafur Elisson



Þórhildur Ragna Karlsdóttir

# Skýrsla stjórnar

---

Að álit stjórnar og forstöðumanns Visku, koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Viska ses. er fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum.

Afkoma af rekstri félagsins á árinu nam 7.423.571 króna og leggur stjórn félagsins til að afkoman verði flutt til næsta árs.

Viska er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Stofnfé félagsins er 1.550.000 og eru stofnfjáraðilar 18 með stofnfé frá 50.000 til 300.000.

Stjórn og forstöðumaður Visku staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum, 18. apríl 2016

## Í stjórn og varastjórn



Arnar Sigurmundsson

stjórnarformaður



Gunnar K. Gunnarsson



Helga Björk Ólafsdóttir




Davíð Guðmundsson



Unnur B. Sigmarsdóttir



Gísli Eiríksson



Arnar G. Hjaltalín



Páll Marvín Jónsson

## Forstöðumaður



Valgerður Guðjónsdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur .....		51.055.054	43.628.667
Kostnaður vegna námskeiðahalds og ráðgjafar .....		(11.625.084)	(12.633.895)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	(19.988.712)	(19.710.203)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(4.996.017)	(3.856.275)
Annar rekstrarkostnaður .....		(8.021.730)	(4.627.157)
Afskriftir fastafjármuna .....	6	(359.594)	0
<b>Rekstrarafkoma</b>		<b>6.063.917</b>	<b>2.801.137</b>
Fjármunatekjur .....	4	1.427.516	1.461.058
Fjármagnsgjöld .....	5	(67.862)	(96.236)
<b>Afkoma</b>		<b>7.423.571</b>	<b>4.165.959</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	23.258.552	10.500.000
Stofnfé í Þekkingasetri Vm. og Starfsorku .....	7	800.000	800.000
		<u>24.058.552</u>	<u>11.300.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	8	1.490.125	1.559.349
Aðrar skammtímakröfur .....	8	5.500.000	0
Handbært fé .....	8	69.433.337	75.529.989
		<u>76.423.462</u>	<u>77.089.338</u>
<b>Eignir</b>		<u>100.482.014</u>	<u>88.389.338</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		1.550.000	1.550.000
Óráðstafað eigið fé .....		88.602.678	81.179.107
Eigið fé	9	<u>90.152.678</u>	<u>82.729.107</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	10	1.458.850	868.088
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	8.870.486	4.792.143
Skuldir		<u>10.329.336</u>	<u>5.660.231</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>100.482.014</u>	<u>88.389.338</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarafkoma .....		6.063.917	2.801.137
Afskriftir .....	6	359.594	0
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>6.423.511</b>	<b>2.801.137</b>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun .....		(5.430.776)	561.051
Rekstartengdar skuldir, hækkun .....		4.669.105	4.725.798
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>5.661.840</b>	<b>8.087.986</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		1.138.881	1.366.163
Greiddir vextir .....		(67.862)	(96.236)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>6.732.859</b>	<b>9.357.913</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(13.118.146)	0
		(13.118.146)	0
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(6.385.287)	9.357.913
Handbært fé í upphafi árs .....		75.529.989	66.077.181
Gengismunur á bankareikning .....		288.635	94.895
Handbært fé í lok árs .....		<b>69.433.337</b>	<b>75.529.989</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		8.071.800	4.071.064

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Viska ses. er fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Visku ses. fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Innlausn tekna

Styrkir og framlög eru færð þegar réttur til þeirra hefur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutum í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir, áhöld, tæki og búnaður er gjaldfært á kaupári. Þetta er gert í samræmi við reikningsskil stofnana sem eru fjármagnaðar að verulegu leyti af opinberum framlögum. Eignir þessar skulu skráðar í eignaskrá.

Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og staða þeirra var í byrjun reikningsársins er ekki reiknuð og færð í ársreikninginn

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.



# Skýringar

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2015	2014
Laun .....	16.280.028	15.788.987
Lífeyrissjóður .....	1.255.587	1.237.811
Önnur launatengd gjöld .....	1.632.933	1.581.744
Annar starfsmannakostnaður .....	820.164	1.101.661
	<u>19.988.712</u>	<u>19.710.203</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	2	2

## 4. Fjármunatekjur

	2015	2014
Gengismunur bankareikninga .....	(288.635)	(94.895)
Vaxtatekjur .....	1.716.151	1.555.953
	<u>1.427.516</u>	<u>1.461.058</u>

## 5. Fjármagnsgjöld

	2015	2014
Dráttarvaxtagjöld .....	3.193	1.362
Önnur vaxtagjöld .....	64.669	94.874
	<u>67.862</u>	<u>96.236</u>

## 6. Fastafjármunir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	10.500.000	0	10.500.000
Eignfært á árinu .....	11.050.000	2.068.146	13.118.146
Staða í árslok .....	<u>21.550.000</u>	<u>2.068.146</u>	<u>23.618.146</u>
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	0	0
Afskrift ársins .....	243.150	116.444	359.594
Staða í árslok .....	<u>243.150</u>	<u>116.444</u>	<u>359.594</u>
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	10.500.000	0	10.500.000
Bókfært verð í árslok .....	21.306.850	1.951.702	23.258.552
Afskriftarhlutföll .....	2%	20%	
Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:		Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Strandvegur 50, 2 & 3 hæð (30%) .....		16.410.000	39.765.000
Strandvegur 50, jarðhæð (50%) .....		11.475.000	26.650.000

# Skýringar

## 7. Fjárfestingaverðbréf

	2015	2014
Stofnfé í Þekkingarsetri Vestmannaeyja .....	300.000	300.000
Stofnfé í Starfsorku, starfsendurhæfing í Vestmannayjum .....	500.000	500.000
	<u>800.000</u>	<u>800.000</u>

## 8. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Innlendar viðskiptakröfur .....	1.490.125	1.559.349
	<u>1.490.125</u>	<u>1.559.349</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Fyrirframgreidd húsaleiga SHIVE .....	5.500.000	0
	<u>5.500.000</u>	<u>0</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2015	31.12.2014
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	66.289.660	72.098.934
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt .....	3.143.677	3.431.055
	<u>69.433.337</u>	<u>75.529.989</u>

## 9. Eigið fé

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2014 .....	1.550.000	77.013.148	78.563.148
Hagnaður ársins .....		4.165.959	4.165.959
Eigið fé 1.1.2015 .....	1.550.000	81.179.107	82.729.107
Hagnaður ársins .....		7.423.571	7.423.571
Eigið fé 31.12.2015 .....	<u>1.550.000</u>	<u>88.602.678</u>	<u>90.152.678</u>

# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Innlendar viðskiptaskuldir .....	1.458.850	868.088
	<u>1.458.850</u>	<u>868.088</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	622.626	523.893
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	3.961.700	0
Endurgreiddur verksamningur til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins .....	4.286.160	4.268.250
	<u>8.870.486</u>	<u>4.792.143</u>

# Sundurliðanir

2015

2014

## Rekstrartekjur

Fjárveiting á fjárlögum .....	21.700.000	22.100.200
FA v. vottaðra námsleiða, námsráðgjafar og raunfærismats .....	13.289.940	13.029.750
Tekjur vegna námskeiða .....	8.423.903	6.502.668
Styrkur vegna Starfamessu .....	400.000	0
Evrópuverkefni .....	941.211	0
Námskeið vegna Fjölmennar .....	1.500.000	1.444.049
Arður vegna Strandvegs 50 .....	4.800.000	552.000
	<u>51.055.054</u>	<u>43.628.667</u>

## Kostnaður vegna námskeiðahalds og ráðgjafar

Kennsla á námskeiðum .....	6.082.787	6.627.580
Annar kostnaður vegna námskeiða .....	1.197.069	1.603.794
Fæðis og kaffikostnaður .....	370.366	508.510
Prentun námsvísa og námsgögn vegna námskeiða .....	1.036.870	822.575
Auglýsingar .....	518.021	400.616
Ferða og upphaldskostnaður .....	310.085	298.895
Húsaleiga í fjarkennslustofu FÍV .....	36.000	0
Kostnaður vegna FS net .....	551.190	618.046
Útskriftir á vegum Visku .....	77.477	96.761
Kostnaður vegna leiðbeinenda .....	78.000	0
Yfirseta .....	751.500	432.500
Flutningsgjöld .....	1.500	0
Kostnaður v/raunfærismats og námsráðgjafar .....	614.219	1.224.618
	<u>11.625.084</u>	<u>12.633.895</u>

## Laun og annar starfsmannakostnaður

Vinnulaun .....	13.486.349	13.167.113
Launakostnaður vegna þjónustufulltrúa ÞSV .....	2.793.679	2.621.874
Bifreiðastyrkir .....	553.284	566.091
Tryggingagjald .....	1.145.612	1.136.512
Lífeyrissjóður .....	1.255.587	1.237.811
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður .....	487.321	445.232
Slysatryggingar starfsfólks .....	83.220	80.664
Námskeið og endurmenntun starfsmanna .....	145.000	0
Annar starfsmannakostnaður .....	38.660	454.906
	<u>19.988.712</u>	<u>19.710.203</u>

# Sundurliðanir

2015

2014

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Fæðis- og kaffikostnaður .....	116.635	94.480
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	1.413.703	745.417
Sími .....	382.735	317.143
Burðargjöld .....	105.826	109.510
Pappír, prentun og ritföng .....	470.515	293.902
Bækur, blöð og áskrift .....	3.650	13.626
Áðstoð við reikningsskil og bókhaldsaðstoð .....	1.042.840	822.807
Félagsgjöld og EQM vottun .....	428.800	225.000
Annar kostnaður .....	1.031.313	1.234.390
	<u>4.996.017</u>	<u>3.856.275</u>

## Annar rekstrarkostnaður

Húsaleiga og þjónusta .....	3.006.973	2.750.125
Viðhald húsnæðis .....	0	17.903
Ræsting og hreinlætisvörur .....	148.668	70.769
Vátryggingar húsnæðis .....	76.304	62.108
Tæki og búnaður .....	3.785.877	308.000
Viðhald áhalda og tækja .....	58.217	36.269
Ferðakostnaður .....	867.391	1.275.583
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	60.500	87.000
Útvarpsgjald .....	17.800	19.400
	<u>8.021.730</u>	<u>4.627.157</u>